

5. spurningu sòmuleiðis. Gjaldfrelsi utanþjóðkirkjusafnaðarins í Hólma prestakalli, 96  
það er ræðir um í 16. gr. ofan nefndra laga, telst frá þeim tíma, er prestur hans hefur 15. sept.  
svarið eið þann, er ræðir um í 14. gr. laganna, og ber utanþjóðkirkjumönnum því að  
svara sóknarprestinum tiltölulegum hluta til þess tíma af árgjöldum þeirra til hans  
það fardagaár.

Að endingu skal þess getið, að utanþjóðkirkjupresturinn í Reyðarfirði, sjera  
Lárus Halldórsson hefur samkvæmt ósk sinni, til þess að geta uppfyllt skyldur þær um  
bókfærslu, sem að ofan er getið, fengið greiddan úr landssjóði kostnað við útvegum 4  
bóka sem hann ætlar fyrir ministerialbók, sálmaregistur, aðalsamanburðaregistur og  
brjefabók.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um skipt- 97  
ingu hrepps. — Eptir að hafa með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 6. þ. m. og samkvæmt 22. sept.  
brjefi mínu 28. júní þ. á. meðtekið ný álitsskjöl frá hreppsnefndinni í Kleifahreppi og  
sýslunefndinni í Vesturskaptafellssýslu, viðvíkjandi sundurskiptingu tjeðs hrepps, svo og  
skýrslu um búandafjölda og um aukaútsvars og tíundarupphæðir í hverjum hinna fyrir-  
huguðu 3 hluta Kleifahrepps síðustu 5 árin, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá  
yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar að jeg eptir skýrslum þessum  
og öðrum kringumstæðum eigi get álitid nauðsynlegt eða haganlegt að Kleifahreppi  
verði skipt í 3 hluta eins og farið hefur verið fram á. Aptur á móti væri jeg eigi  
mótfallinn því að fallast á varauppástungu sýslunefndarinnar í Vesturskaptafellssýslu um  
að Kleifahreppi verði skipt í tvennt þannig að Geirlandsá verði látin ráða skiptingunni,  
og skal jeg því jafnframt skora á yður að gefa hreppsnefndinni í nefndum hreppi tæki-  
færi til að láta í ljósi, hvort hún vill heldur að hreppnum verði skipt á þennan hátt,  
en að ekki verði af skiptingu á honum í þetta sinn.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um fram- 98  
færslurjett þurfamanns. — Þjer hafið, herra amtmaður, með úrskurði, dags. 10. febr. 23. sept.  
þ. á., er hreppsnefndin í Dyrhólahreppi hefur áfrýjað til mín, kveðið svo á út af ágrein-  
ingi milli nefnds hrepps og Stokkseyrarhrepps um sveitfesti Sigurðar nokkurs Sig-  
mundssonar í Grímsfjósum, að þurfamaður þessi eigi framfærslurjett á fæðingarhreppi  
hans, Dyrhólahreppi, og að hreppur þessi skuli skyldur til að endurgjalda Stokkseyrar-  
hreppi 142 kr. 61 e. er Sigurður var búinn að þiggja þar úr sveitarsjóði 20. nóv. f. á.,  
svo og allt það, er hann enn fremur kynni að hafa þegið eða verða að þiggja úr sama  
sjóði.

Þurfamaður sá sem hjer ræðir um, og sem einsog áður er á vikið, er fæddur í  
Dyrhólahreppi, fluttist í fardögum 1874 25 ára gamall inn í Stokkseyrarhrepp og hefur  
dvalið þar síðan, en þjer hafið þó eigi álitid, að hann hafi áunnið sjer þar framfærslu-  
rjett sökum þess, að hann 8. febr. 1884 hafi þegið þar sjer til bjargar úr sveitarsjóði  
8 pund af tólg eins og enn fremur nægileg sönnun sje framkomin fyrir því, að hann  
hafi haustið 1882 fengið 20 kr. styrk af fátækra sjóði Dyrhólahrepps.

Jeg fæ þó eigi sjeð, að sú sönnun sje framkomin fyrir styrkveitingum þessum,  
að þær geti staðið fyrir því, að Sigurður hafi með dvöl sinni í Stokkseyrarhreppi unnið  
þar rjett til sveitarframfæris, því að þó að Sigurður, að því er kemur til 20 króna styrks-  
ins úr Dyrhólahreppi, hafi sjálfur játað að sá styrkur hafi verið veittur honum úr sveit-  
arsjóði, þá hefur aptur á móti hreppsnefndarmaður sá, er ljet hann fá 20 krónurnar,

98 23. sept. borið fyrir rjetti, að hann hafi lánað Sigurði þær úr eigin vasa, og að þeir hafi seinna jafnað það lán með sjer, enda hefur upphæðin aldrei verið færð til í sveitarbókinni eða talin sveitarsjóðnum til útgjalda í sveitarreikningnum. Og að því er snertir þau 8 pund af tólg, er Sigurður á að hafa fengið úr sveitarsjóði Stokkseyrarhrepps 8. febrúar 1884 eða seint á 10. árinu, sem hann dvaldi þar í hreppi, þá er engin upplýsing um það framkomin, að Sigurður hafi beiðst þess styrks úr sveitarsjóði, eða nein sönnun fyrir því að hann hafi þurft hans með sjer til bjargar, en styrkurinn er svo óverulegur í sjálfu sjer að lítt hugsanlegt er, að þann hafi verið veittur sem nauðsynlegur bjargarstyrkur. Auk þess er styrksins eigi getið í sveitarbókinni og eigi í sveitarreikningnum fyrir það ár, sem hann á að hafa verið veittur, heldur fyrst í reikningnum fyrir fardagaárið 1884—85, og eins verður ekki sjeð, að tilkynning um styrkveitinguna hafi verið send hreppsnefndinni í Dyrhólahreppi fyr en 12. apríl 1885, en þetta hvorttveggja bendir heldur til þess, að tólgarstyrkur þessi, sem var afhentur Sigurði af hreppsnefndarmanni, er hann vann hjá öðru hverju, hafi eigi upphaflega verið látinn honum í tje sem sveitarstyrkur.

Hreppsnefndin í Stokkseyrarhreppi hefur að síðustu haldið því fram að Sigurður hafi verið þar í hreppi í ólöglegri húsmennsku, og hafi því samkvæmt tilsk. 26. maí 1863 12. gr. eigi getað unnið sjer þar sveit með slíkri ólöglegri dvöl, en bæði er það, að engin sönnun er fram komin fyrir þessu hvorki þannig, að Sigurður hafi verið dæmdur fyrir ólöglega húsmennsku, eða á annan hátt, enda hlýtur það atvik, að Sigurður var tilhúsa hjá einum af hreppsnefndarmönnum í Stokkseyrarhreppi, að gjöra það ólíklegt, að hann hafi verið þar í hreppnum í óleyfi hreppsnefndarinnar.

Samkvæmt framanskrifðu úrskurðast að Sigurður Sigmundsson, sá er hjer um ræðir, sje sveitlægur í Stokkseyrarhreppi, og skal því úrskurður yðar 10. febr. þ. á úr gildi felldur.

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra amtmaður, til þóknarlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

#### HEIDURSGJAFIR

Af vöxtunum af styrktarsjóði Kristjáns konungs níunda fyrir árið 1887 var þeim Eiríki Björnssyni á Karlsskála í Reyðarfirði og Oddi Eyjólfssyni á Sámstöðum í Fljótshlíð veitt hvorum um sig 140 kr. heiðursgjöf fyrir framúrskarandi dugnað í landbúnaði.

#### KONSÚLL VIÐURKENNDUR.

Með konungsbrjefi dags. 2. ágúst þ. á. var kaupmaður N. Chr. Gram viðurkenndur sem konsular-agent á Dýrafirði fyrir Bandaríkin í Vesturheimi.

#### EMBÆTTASKIPUN, LAUSN FRÁ EMBÆTTI O. FL.

29. ágúst var cand. med. & chir. Stefán Gíslason settur til þess fyrst um sinn að gegna hjeraðslæknisstörfum í 17. lækniðsjóðnum (Vestur-Skaptafellssýslu) frá 1. sept. þ. á. að reikna.

2. septbr. var sóknarprestur að Kolfreyjustað sjera Stefáni Jónssyni veitt lausn frá prestsembætti, með eptirlaunum frá næstkomandi fardögum, sakir sjóndepru og ellilasleika.

15. septbr. var umboðsmanni Möðruvallaklausturs, dbr. manni Einari Ásmundssyni í Nesi falið á hendur að gegna fyrst um sinn ásamt sínu eigin umboði umboðsmannsstörfum yfir stærri og minni Eyjafjarðarsýslu jörðum.

#### ÓVEITT PRESTAKÖLL,

er verða veitt með þeim fyrirvara, að þeir, er þau fá, verða að sætta sig við rýrnun þá á tekjum þeirra, er leitt getur af ákvörðun 16. gr. laga 19. febr. 1886.

Hvanneyri í Eyjafjarðar prófastsdæmi. Brauðið er metið kr. 1061.69. Auglýst 29. ágúst 1887.

Kolfreyjustaður í Suðurmúla prófastsdæmi. Uppgjafaprestur er í brauðinu, er nýtur eptirlauna af tekjum þess samkvæmt lögum. Brauðið er metið 1441.27 kr. Auglýst 20. septbr. 1887. Brauðið verður veitt frá fardögum 1888.